

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan hreppsnefndar.

Hreppsnefnd Ásahrepps er skipuð fimm fulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Ásahreppur er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni hreppsnefnd í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Ásahreppur annast þau lögmæltu verkefni sem sveitarfélaginu eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Sveitarfélagið vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um hreppsnefnd.

4. gr.

Hlutverk hreppsnefndar.

Hreppsnefnd fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Hreppsnefnd hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni hreppsnefndar.

Meðal verkefna hreppsnefndar er að:

1. Sjá um að lögbundnar skyldur séu rættar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunar-fyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Setja hreppsnefnd síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða framkvæmdastjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins og stofnana þess, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhags-áætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.

8. Samþykkja og hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

Móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í sveitarfélaginu, sbr. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný hreppsnefnd tekur til starfa.

Nýkjörin hreppsnefnd tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi hreppsnefnd umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin hreppsnefnd hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni hreppsnefndarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni hreppsnefnd sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi kys hreppsnefnd oddvita og einn varaoddvita. Skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og hreppsnefndar.

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings hreppsnefndar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefnd. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita.

Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að því loknu.

III. KAFLI

Fundir hreppsnefndar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir hreppsnefndar.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi. Hreppsnefnd tekur ákvörðun í upphafi hvers árs um fundaaætlun vegna reglulegra funda fyrir næstu 12 mánuði í senn. Fundir eru haldnir á skrifstofu Ásahrepps á Laugalandi, ákvörðun um dagsetningu og tímasetningu fer samkvæmt 1. mgr. 11. gr. samþykktar þessarar.

Aukafundi skal halda þegar oddviti telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur hreppsnefndarfulltrúa óskar þess.

Hreppsnefnd er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi hreppsnefndar á undan.

Hreppsnefnd er heimilt að fella niður reglulega fundi vegna sumarleyfis.

Auglýsa skal fundi sveitarstjórnar á skrifstofu sveitarfélagsins og á vef þess með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og tilgreina þar dagskrá fundar.

9. gr.

Boðun hreppsnefndarfunda.

Oddviti hreppsnefndar boðar fundi í samráði við sveitarstjóra.

Fundarboð, ásamt dagskrá og fylgigögnum sem eru nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála, skal berast hreppsnefndarmönnum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til hreppsnefndarmanna, aðalmanna og varanna, með tölvupósti. Fundarboðið og dagskrá ásamt fylgigögnum, er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna nefndarmanna inn á fundargátt sveitarfélagsins.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast hreppsnefndarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

10. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar.

Oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, s.s. kosningar oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsnefndar, svo og ráðningu framkvæmdastjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar hreppsnefndar skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá fundar hreppsnefndar skal tilkynna það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi hreppsnefndar.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefnd ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi hreppsnefndar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um hreppsnefndarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir hreppsnefndar.

Fundir hreppsnefndar eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða hreppsnefnd getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundabúnaður.

Hreppsnefndarmönnum, nefndarmönnum í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu Ásahreppi eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal hreppsnefnd hafa tvær umræður með a.m.k. tveggja vikna millibili um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

Varðandi fundarsköp og ritun fundargerða er vísað til 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

- a. *Fundargerðir.* Við ritun fundargerða hreppsnefndar skal farið eftir auglýsingu ráðherra um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.
- b. *Fundarstjórn.* Oddviti stjórnar umræðum á fundum hreppsnefndar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum hreppsnefndar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar.
- c. *Vald oddvita.* Skyllt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef hreppsnefndarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við hreppsnefnd að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki úrskurði oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á hreppsnefndarfundi raskar fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir í fundarsal hreppsnefndar.
- d. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema hreppsnefnd eða oddviti ákveði að önnur röð skuli höfð. Oddviti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna þau afbrigði.
- e. *Málfrelsi sveitarstjóra.* Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.
- f. *Málfrelsi.* Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar.

Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og hreppsnefndarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

- g. *Ávarp ræðumanns*. Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Hreppsnefndarmaður skal ávarpa einstaka hreppsnefndarmenn með fullu nafni.

Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.

Ekki má lesa upp prentað mál nema oddviti leyfi.

- h. *Hve oft má tala*. Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi.

- i. *Ræðutími*. Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum þessarar greinar.

- j. *Tillögur og afgreiðsla*. Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðauka-tillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

- k. *Réttur til bókaðar*. Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í hreppsnefnd eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

- l. *Atkvæðagreiðsla*. Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Hreppsnefndarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

- m. *Kosningar*. Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Hreppsnefnd ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi hreppsnefndarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægdur aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls og uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber hreppsnefndarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Hreppsnefndarmaður eða nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í hreppsnefnd.

Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til hreppsnefndar eða eftir samkomulagi sem aðilar að sameiginlegum framboðslista hafa komið sér saman um, sbr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

19. gr.

Skyldur hreppsnefndarmanna.

Hreppsnefndarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum hreppsnefndarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan hreppsnefndar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að inna af hendi störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar.

Hreppsnefndarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur hreppsnefndarmanna.

Hreppsnefndarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá hreppsnefndarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá hreppsnefndarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Hreppsnefndarmenn hafa málfrelsi á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum hreppsnefndar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar.

Vilji hreppsnefndarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til hreppsnefndar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í hreppsnefnd á sérhver hreppsnefndarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í hreppsnefnd.

Hreppsnefndarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Óski hreppsnefndarmaður gagna sem liggja fyrir í stjórnslu Ásahrepps skal beina því til framkvæmdastjóra eða skrifstofu sveitarfélagsins sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Beiðni um slíkt skal beint skriflega til sveitarstjóra sem skal afhenda afrit af gögnum innan fimm virkra daga frá móttöku beiðninnar. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og snerta viðkomandi málefni. Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings er óheimilt að taka afrit og fara með þau af skrifstofu, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga, nema að höfðu samráði við sveitarstjóra.

Ef beiðni hreppsnefndarmanns varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í hreppsnefnd, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsingar.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Hreppsnefndarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem hreppsnefnd setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags getur hann óskað eftir því við hreppsnefnd að hún létti af honum störfum eða veiti honum lausn úr hreppsnefnd um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar hreppsnefndarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má hreppsnefnd ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr hreppsnefnd þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en hreppsnefndarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir hreppsnefndarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefnd. Ef hreppsnefndarmaður missir fjárforræði skal hreppsnefnd veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í hreppsnefnd skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur hreppsnefndarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í hreppsnefnd á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til oddvita eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í hreppsnefnd mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í hreppsnefndinni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í hreppsnefnd skal varamaður hans taka sæti í hreppsnefnd frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar skal hreppsnefndarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Hreppsnefndarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í hreppsnefnd.

V. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir.

27. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir hreppsnefndar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og hreppsnefndar nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin hreppsnefnd hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrir hreppsnefnd sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

28. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir hreppsnefndar, nefndir fyrir hluta sveitarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

29. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal hreppsnefndar til fastanefnda
á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Fastanefndum Ásahrepps er ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál. Ályktanir nefnda teljast tillögur til hreppsnefndar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingur hreppsnefndar.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur hreppsnefnd ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs nema lög og eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Þriðjungur fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 2. mgr., getur farið fram á að sveitarstjórn taki ákvörðun í máli.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 2. eða 3. mgr. til hreppsnefndar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

30. gr.

Valdsvið byggingarfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.

Á grundvelli heimildar 93. og 94. gr. sveitarstjórnarlaga er byggingarfulltrúa falið að afgreiða án staðfestingar hreppsnefndar, mál sem falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum. Undanskildar frá slíkum afgreiðslum eru nafngiftir á götum vegum og torgum.

Byggingarfulltrúa er falið að taka ákvörðun um að grenndarkynna mál í neðangreindum máls-tilvikum þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Við ákvörðun sína skal byggingarfulltrúi gæta þess að uppfylla ákvæði laga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulags-skilmála sem og samþykktir sveitarfélagsins um byggingarmál, enda sé tryggt að byggingarnar séu innan nýtingarhlutfalls sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi og skerði ekki hagsmuni aðliggjandi lóðarhafa. Ef athugasemdir berast við grenndarkynningu skal málinu vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu að grenndarkynningartíma loknum en ef engar athugasemdir berast er byggingarfulltrúa heimilt að gefa út byggingarleyfi án frekari aðkomu skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar.

- a. Viðbyggingar við sumarhús þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Viðbygging er innan byggingarreits og að lágmarki 10 metrar eru frá útvegg viðbyggingar að lóðarmörkum. Ef vafi leikur á lóðarmörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulagsnefndar.
- b. Viðbyggingar við íbúðarhús þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Viðbygging er innan byggingarreits og að lágmarki 10 metrar eru frá útvegg viðbyggingar að lóðarmörkum. Ef vafi leikur á lóðarmörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulagsnefndar.
- c. Viðbyggingar við landbúnaðarbyggingar þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Ef vafi leikur á lóðarmörkum eða landamörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulagsnefndar.
- d. Eitt lítið hús, s.s. gestahús, bílskúr (viðbygging eða stakstæður), vinnustofa o.þ.h. á lóð þar sem þegar er til staðar íbúðar- eða frístundahús, enda sé um að ræða hús sem er hluti þeirrar eignar sem fyrir er á lóðinni og eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:
 1. Húsið er innan byggingarreits eða innan 10 metra frá lóðarmörkum.
 2. Flatarmál hússins sé að hámarki 40 m² eða skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins.
 3. Mesta hæð á þaki húss sé 3,5 metrar, mælt frá yfirborði jarðvegs.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli til skipulagsnefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu byggingarfulltrúa skal byggingarfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulagsnefndar.

Að öðru leyti er vísað í samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. Um efni viðaukans vísast til fylgiskjals með auglýsingu nr. 35/2022.

31. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir hreppsnefnd til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar hreppsnefndar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun skal lögð fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu og staðfestingar.

32. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Nefndum er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

33. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar.

Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

34. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd hreppsnefndar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna listakosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta hreppsnefndarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

35. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar hreppsnefnd nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

36. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í hreppsnefnd, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við hreppsnefnd að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Hreppsnefnd getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan hreppsnefndar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur hreppsnefndarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Hreppsnefnd er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan hreppsnefndar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

37. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

38. gr.

Þóknun.

Hreppsnefnd er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati hreppsnefndar í samræmi við reglur sem hún setur. Hreppsnefnd er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

39. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

40. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Hreppsnefnd kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem hreppsnefnd kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum hreppsnefndarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

41. gr.

Erindisbréf.

Hreppsnefnd staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir hreppsnefndar.

42. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til fjögurra ára.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa og varafulltrúa þeirra í eftirtaldar nefndir sem kosið er í á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra hið sama og hreppsnefndar. Hreppsnefnd kýs nefndum formann og varaformann.

1. *Atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Meðal verkefna er að fjalla um atvinnumál í sveitarfélaginu í umboði hreppsnefndar og gera tillögur til hennar um efni sem tengjast atvinnumálum og mótar framtíðarsýn í atvinnumálum á svæðinu. Nefndin fylgir eftir stefnu hreppsnefndar fyrir hennar hönd og er tengiliður hreppsnefndar við atvinnu- og ferðamál á svæðinu. Einnig á nefndin að vera ráðgefandi fyrir hreppsnefnd í jafnréttismálum innan sveitarfélagsins, sbr. 13. gr. laga nr. 151/2020, um stjórnisýslu jafnréttismála.
2. *Umhverfisnefnd:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
3. *Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs.* Einn fulltrúi og annar til vara. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. er sameinað byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu. Slökkvi-stöðvar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. eru á Hvolsvelli og Hellu.
4. *Fjallskiladeild Holtamannaafréttar.* Einn fulltrúi og annar til vara.
5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.* Hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn sveitarfélaga til fjögurra ára vegna kosninga til Alþingis, sbr. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021, og sveitarstjórna, sbr. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þá getur hreppsnefnd kosið þrjá menn og þrjá til vara í undirkjörstjórn. Heimilt er að kjósa hana síðar.
6. *Oddi bs.* Byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla Ásahrepps og Rangárþings ytra, þ.e. leikskólinn Laugalandi, Heklukot á Hellu, Laugalandsskóla og grunnskólann á Hellu. Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fjórum aðalmönnum, þ.e. oddvitum beggja sveitarfélaga og tveimur fulltrúum úr byggðarráði Rangárþings ytra. Jafnframt skulu skipaðir fjórir varamenn úr hópi aðal- og varamanna í sveitarstjórn.
7. *Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlað fólk, Bergrisinn bs.* Prettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlað fólk í samræmi við lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa.
8. *Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslna.* Einn fulltrúi og annar til vara, skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og skv. III. kafla og 87. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
9. *Samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra.* Fimm aðalmenn, auk varamanna. Verkefni samráðsnefndar eru um samstarfið að Laugalandi, um sameign og stjórnun Holtamannaafréttar og önnur verkefni sem samráðsnefndin telur áriðandi vegna annarra samstarfsverkefna.
10. *Skipulagsnefnd Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipa sameiginlega sex manna skipulagsnefnd uppsveita skv. sérstökum samningi. Ásahreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í nefndina. Nefndin fer með skipulagsmál

skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingarmál skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

11. *Stjórn Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur eiga aðild að byggðasamlaginu. Aðildarsveitarfélögin tilnefna hvert um sig einn aðalmann og einn varamann í stjórn byggðasamlagsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil stjórnar það sama og sveitarstjórnar. Stjórnarfulltrúar skulu vera aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Stjórnin annast daglegan rekstur byggðasamlagsins. Framsals- og valdheimildir til byggingarfulltrúa fara eftir ákvæðum 30.–33. gr. samþykktar þessarar og samþykktar fyrir byggðasamlagið Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.
12. *Stjórn sameiginlegs seyruverkefnis.* Ásahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur hafa gert samstarfssamning um sameiginlegan seyrurekstur. Ásahreppur skal skipa einn aðalmann og annan til vara í stjórn verkefnisins.
13. *Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykktum byggðasamlagsins.
14. *Stjórn Húsakynna bs.* Einn aðalmaður og annar til vara og skulu þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa hreppsnefndar. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi, og eru þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórnunum. Húsakynni bs. sjá um eignarhald og rekstur á sameiginlegri eign Rangárþings ytra og Ásahrepps. Sveitarfélögin geta falið Húsakynnum bs. að sjá um eignarhald og rekstur annars húsnæðis ef það samrýmist samþykktum byggðasamlagsins.
15. *Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslna bs.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykktum byggðasamlagsins.
16. *Stjórn Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.* Einn aðalmaður og annar til vara og skulu þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa hreppsnefndar. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi, og eru þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórnunum. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. starfar samkvæmt samningi sveitarfélaganna um rekstur hennar og samþykktu hennar. Vatnsveitan sér um eignarhald og rekstur allra vatnsveitumannvirkja og dreifikerfis í eigu og á ábyrgð sveitarfélaganna annarra en þeirra sem eru í einkaeigu.
17. *Stjórn Tónlistarskóla Rangæinga bs.* Einn fulltrúi og annar til vara.
Þar sem ekki eru kosnar sérstakar nefndir fer hreppsnefnd með verkefni þeirra.

B. Stjórnir og samstarfsnefndir.

Kjörtímabil stjórna og samstarfsnefnda er hið sama og hreppsnefndar nema annað sé ákveðið.

1. *Almannavarnanefnd Rangárvallasýslu.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. 9. og 11. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
2. *Heilbrigðisnefnd.* Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarnafnir nr. 7/1998. Hreppsnefnd kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, samkvæmt samþykktum þess. Fulltrúar sveitarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra hið sama og hreppsnefndar.
3. *Héraðsnefnd Rangæinga.* Einn fulltrúi og annar til vara. Héraðsnefnd Rangæinga annast þau verkefni sem henni eru ætluð skv. samningi sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og samþykktum hennar. Héraðsnefndin annast útgáfu Goðasteins, skipar stjórn Skógasafns, gróðurverndarnefnd Rangárvallasýslu og umferðarnefnd Rangárvallasýslu. Héraðsnefndin semur og setur fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu auk annarra verkefna sem henni eru falin með samkomulagi sveitarfélaganna svo sem umsjón sameiginlegra eigna.
4. Ákvörðun um þjónustuhóp aldrafra – öldungaráð skv. nýjum lögum.
5. *Stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis.* Einn aðalmaður og annar til vara.

C. Tilnefningar og kosningar.

Fulltrúar eru kosnir á ársþing og ársfundi stofnana sem sveitarfélagið á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og/eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Samkvæmt lögum Samband íslenskra sveitarfélaga kýs hreppsnefnd aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra hið sama og hreppsnefndar.
2. *Samtök sunnlenskra sveitarfélaga*. Hreppsnefnd kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Sambands sunnlenskra sveitarfélaga, samkvæmt lögum sambandsins. Fulltrúar sveitarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra hið sama og hreppsnefndar.
3. *Eignarhaldsfélag Suðurlands ehf.* Hreppsnefnd kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands, samkvæmt samþykktum þess. Fulltrúar sveitarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra hið sama og hreppsnefndar.

D. Verkefnabundnar nefndir.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda stendur til loka kjörtímabils eða þar til verkefni hennar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Hreppsnefnd útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

43. gr.

Endurpptaka mála.

Eftir að starfsmaður, stjórn, nefnd eða ráð hefur tekið ákvörðun og hún hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málstvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga.

Beiðni um endurpptöku máls skal beina til hreppsnefndar og veður að jafnaði að koma fram áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu. Ef endurpptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur hreppsnefnd ákvörðun um málsmeðferð.

VI. KAFLI

Sveitarstjóri/framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

44. gr.

Ráðning sveitarstjóra/oddvita sem framkvæmdastjóra.

Hreppsnefnd ræður framkvæmdastjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og verkefni sveitarfélagsins. Hreppsnefnd skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími framkvæmdastjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

45. gr.

Hlutverk framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri fer með daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi hreppsnefndar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem hreppsnefnd skipar.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að fundir hreppsnefndar og annarra nefnda hreppsnefndar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að

ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu hreppsnefndar og nefnda komist til framkvæmda, hafi hreppsnefnd ekki falið það öðrum.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki hreppsnefndar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndar þarf til.

46. gr.

Ráðning starfsmanna.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu Ásahreppi og veitir þeim lausn frá starfi.

Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn sveitarfélagsins en þá sem greinir í 1. mgr. og veitir þeim lausn frá störfum. Forstöðumenn stofnana ráða þó starfsmenn viðkomandi stofnana.

47. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn sveitarfélagsins Ásahrepps og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

48. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins Ásahrepps fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

49. gr.

Fjárstjórnarvald hreppsnefndar.

Einvörðungu hreppsnefnd getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

50. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Hreppsnefnd skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Framkvæmdastjóri leggur skv. 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir hreppsnefnd eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Hreppsnefnd skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu hreppsnefndar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Hreppsnefnd skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

51. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem hreppsnefnd tekur skv. 50. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema hreppsnefnd hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að hreppsnefnd hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar hreppsnefndar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi hreppsnefndarinnar.

52. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, með síðari breytingum.

53. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Hreppsnefnd skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins Ásahrepps til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

54. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reiknings-skilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af framkvæmdastjóra og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir 15. apríl ár hvert.

Hreppsnefnd skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

55. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Hreppsnefnd ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

VIII. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

56. gr.

Samráð við íbúa.

Hreppsnefnd skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd skal sérstaklega vinna að því að íbúar sveitarfélagsins geti fengið greinargóðar upplýsingar um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og önnur mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Í því skyni verði eftir því sem best hentar veittar upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, dreifibréf send á heimili í sveitarfélaginu eða haldnir borgarafundir.

57. gr.

Borgarafundur að frumkvæði íbúa.

Ef 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í Ásahreppi óska borgarafundar skv. 105. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal hreppsnefnd verða við því svo fljótt sem unnt er. Um framkvæmd borgarafundar fer eftir ákvæði 105. gr. sveitarstjórnarlaga.

58. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 33,33% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal hreppsnefnd verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Hreppsnefnd skal fjalla um beiðni þar að lútandi á næsta fundi sínum og taka ákvörðun um hvort fresta skuli réttaráhrifum þeirrar ákvörðunar sem krafist er að fari í atkvæðagreiðslu frá og með þeim tíma að hreppsnefnd hefur fjallað um beiðnina. Fresta skal réttaráhrifum viðkomandi ákvörðunar ef þess er nokkur kostur að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk hreppsnefndar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

59. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Ásahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps nr. 640/2013, með síðari breytingum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 5. janúar 2022.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafdís Gísladóttir.